

STARFSREGLUR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR LÍFSVERKS

Tilgangur

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs (sjóðurinn) semur starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd sjóðsins sem starfar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga með síðari breytingum.

Hlutverk

Hluverk endurskoðunarnefndar er að (sjá nánar í meðfylgjandi verkefnalista sem er ekki tæmandi og notast til hliðsjónar fyrir nefndina):

- a. Fara árlega yfir endurskoðunaráætlun innri og ytri endurskoðenda
- b. Meta óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum þeirra
- c. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila við endurskoðun ársreiknings
- d. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins með innri endurskoðun
- e. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma við innri endurskoðun
- f. Setja fram tillögu til stjórnar um val á innri og ytri endurskoðanda eða fyrirtæki

Nefndarmenn

Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur mönnum. Stjórn sjóðsins skal skipa einn nefndarmann úr sínum röðum og gera tillögu um aðra tvo sem aðalfundur kýs. Kjörtímabil nefndarmanna skal vera eitt ár. Leitast skal við að a.m.k. einn nefndarmanna hafi staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila og endurskoðunar. Stjórn sjóðsins skipar formann nefndarinnar, en nefndarmenn velja einn úr sínum hópi sem fundarritara. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af öllum nefndarmönnum. Afrit má afhenda þeim, stjórnendum sjóðsins, og stjórn óski hún eftir því. Nýir nefndarmenn skulu fá leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar frá stjórnendum og reyndum nefndarmönnum.

Fundir

Endurskoðunarnefnd skal koma saman að lágmarki fjórum sinnum á ári; einu sinni í tengslum við ársuppgjör áður en stjórn skrifar undir ársreikning, einu sinni í tengslum við árshlutauppgjör, einu sinni vegna yfirferðar á skýrslu innri endurskoðanda og einu sinni vegna eftirfylgni með skýrslu innri endurskoðanda. Formaður nefndarinnar er ábyrgur fyrir því að senda út dagskrá til fundarmanna fyrir fundi. Helstu stjórnendur skulu sitja fundi nefndarinnar. Stjórnendur skulu víkja af fundi í lok fundar og leyfa nefndarmönnum að funda einslega með endurskoðendum þegar þeir mæta á fund nefndarinnar.

Heimildir

Nefndarmenn fá aðgang að bókhaldsgögnum sjóðsins vegna nauðsynlegra starfa nefndarinnar og öllum starfsmönnum sjóðsins að veittu samþykki meirihluta stjórnar. Nefndin skal hafa aðgang að innri og ytri endurskoðendum sjóðsins.

Ábyrgð og trúnaður

Nefndarmenn skulu vera sjálfstæðir í vinnubrögðum og starfrækja hlutverk sitt af kostgæfni og heilindum. Nefndarmönnum ber að gæta að vanhæfi og ber skylda til að upplýsa aðra nefndarmenn um mögulegt vanhæfi í samræmi við stjórnarsýslulög hvað varðar þau málefni sjóðsins sem nefndin fjallar um. Nefndarmenn skulu vera óháðir starfsmönnum sjóðsins og endurskoðanda.

Nefndarmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar hvað varðar málefni sjóðsins og nefndarinnar í samræmi við þau lög og þær reglur sem sjóðinn varðar, m.a. lög nr. 129/1997 um lífeyrissjóði. Nefndarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þótt nefndarmaður láti af starfi.

Endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og svarar beint til stjórnar. Stjórn ber ábyrgð á störfum endurskoðunarnefndar.

Nefndarmenn skulu setja upphafsstafi sína á starfsreglur þessar til staðfestingar þeim.

Skýrslugjöf

Endurskoðunarnefnd skal skila skriflegri skýrslu til stjórnar einu sinni á ári um helstu verkefni í starfi sínu. Endurskoðunarnefnd skal setja fram skriflega tillögu til stjórnar um val á innri og ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki fyrir aðalfund sjóðsins.

Reykjavík, 17. nóvember 2021

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs

